

Fundargerð háskólaráðs
373. fundur fimmtudaginn 25. ágúst 2016 kl. 13:30-16:00
Borgir, fundarherbergi 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:45.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Elvar Jónsson, varafulltrúi menntamálaráðherra (í síma)
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (í síma)
Guðmundur K. Óskarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Fjarverandi, boðuðu forföll:

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins

Gestir:

Kjartan Ólafsson, deildarformaður félagsvísindadeildar HA
Þóroddur Bjarnason, brautarstjóri lögreglufræðináms

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 372. fundar.

1605049

Fundargerðin var samþykkt í tölvupósti í júní.

2. Mál til kynningar

Breyting á röðun dagskrár. Doktorsnám færast framur og verður 6. liður á dagskrá.

3. Rekstraryfirlit janúar til júlí

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson komu inn á fundinn undir þessum lið. Úlfar gerði grein fyrir stöðunni í rekstri skólans janúar til júlí. Fjárhagur skólans er þröngur og reksturinn í járnum. Reksturinn í heild er örlítið yfir áætlun og reksturinn því örlítið þrengri en gert var ráð fyrir og líklegt að eftir árið verði halli á rekstrinum, miðað við stöðuna eins og hún er núna (að öllu óbreyttu stefnir í u.þ.b. 30-40 milljón kr. halla árið 2016).

4. Fjármálaáætlun ríkisstjórnar – fjármál HA

Nú liggur fyrir fjármálaáætlun ríkisstjórnar til næstu fimm ára. Það liggur því fyrir að háskólastiginu er ætlað um það bil óbreytt ástand og því þarf að sníða rekstur skólans að þeim veruleika sem blasir við í núverandi rekstri og skólanum er af stjórnvöldum ætlað að vera í næstu árin. Það liggur því fyrir, ef þessar áætlanir stjórnvalda ganga eftir, að rekstur skólans verður í raun enn þyngri á næstu árum. Rekstraráætlanir næstu ára þurfa að taka mið af því. Í þessum nýju reglum um fjármálaáætlanir til næstu ára felst einnig að stofnanir þurfa að leggja stefnu sína til samþykktar í viðkomandi ráðuneyti, sem þarf að samþykkja stefnuna og skuldbinda sig í leiðinni til þess að fjármagna viðkomandi stefnu.

Gera má ráð fyrir að þessi fjármálaáætlun til fimm ára eigi enn eftir að breytast töluvert á meðan reynsla kemst á þetta verklag innan kerfisins. Næsta fjárhagsáætlun skólans, sem unnin verður nú á haustmánuðum, verður áætlun til næstu þriggja ára í samræmi við þessar nýju reglur.

5. Lögreglunám á háskólastigi

1511037

Rektor fór yfir málið, en menntamálaráðherra tilkynnti þann 23. ágúst s.l. að hann hygðist semja við Háskólann á Akureyri um kennslu og rannsóknir í lögreglufræðum. Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason komu inn á fundinn undir þessum lið og fóru þeir yfir stöðuna og svöruðu spurningum háskólaráðs um málið. Opnað var fyrir umsóknir strax þann 24. ágúst og á einum sólarhring komu 56 umsóknir og undirbúningur í skólanum til að takast á við verkefnið og framkvæma það af fagmennsku er í fullum gangi og stefnt að því að kennsla hefjist 12. september. Óvissuþátturinn í náminu er starfsnámið og samstarfið við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu þar sem alveg á eftir að móta reglur og skilyrði sem nemendur þurfa að uppfylla sem komast áfram í starfsnám eftir 1. önn námsins.

Fyrir fundinum lá bókun framkvæmdastjórnar HA frá 25. ágúst vegna samþykktar lögreglunáms.

Bókun framkvæmdastjórnar:

„Allir nemendur sem uppfylla skilyrði (stúdentsspróf eða sambærilegt) verða samþykktir inn og þeim gerð grein fyrir skilyrðunum sem þarf svo að uppfylla til að komast inn í starfsnám lögreglu. Inntaka í námið núna er ekki það

sama samþykkt eða inntaka inn í starfsnám þar sem enn á eftir að koma í ljós og setja reglur og reglugerð um skilyrði til þess að vera tekin inn í starfsnám lögreglu ásamt því að ekki er ljóst enn hversu margir nemendur komast áfram á 2. önn í starfsnám lögreglu. Slík skilyrði verða unnin í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu. Þeir nemendur sem ekki komast áfram inn í starfsnám lögreglu geta haldið áfram og lokið diploma námi í lögreglufræðum, án starfsréttinda, eða fært sig yfir á aðrar námsbrautir innan skólans.

Samningar við stjórnvöld um fjármögnun námsins er næsta skref. Þarf að gæta þess að sækja einnig fjármagn fyrir árið 2016, undirbúning námsins og aukakostnað sem fellur til vegna þess og upphaf náms.

Framkvæmdastjórn beinir því til háskólaráðs að fylgt verði þeirri framkvæmdaáætlun sem fram kemur í útboðstillögu námsins og að þess verði gætt að fjármagn sé tryggt vegna þess kostnaðar sem til fellur á árinu 2016.

SM fór yfir stöðuna í gæðamálum varðandi málið. Margir gæðaferlar brotnir vegna þess hvernig stjórnvöld stóðu að málinu og skamms fyrirvara útboðsferlisins. Gæðaráð leggur áherslu á að fulltrúar úr gæðaráði (Anna og Stefán) vinni með ábyrgðaraðilum námsins innan skólans svo hægt sé að uppfylla alla gæðastaðla og –kröfur.

Út frá gæðasjónarmiðum leggur framkvæmdastjórn til að kennsluskrá verði samþykkt með fyrirvörum gæðaráðs og lögð er áhersla á að ferlið við undirbúning námsins er ekki í samræmi við gæðaferla skólans vegna þess ferlis sem námið fór í af hálfu stjórnvalda.

Að gerðum ofangreindum fyrirvörum leggur framkvæmdastjórn til að lögreglunám við Háskólann á Akureyri verði samþykkt og hefjist í september 2016.

Gera má ráð fyrir að háskólaráð þurfi að samþykkja fjöldatakmarkanir eftir 1. önn námsins þar sem aðeins takmarkaður fjöldi nemenda kemst áfram í starfsnám og enn á eftir að ákveða þessi skilyrði og fjölda nemenda, en það verður ekki gert nema í samráði við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu."

Háskólaráð samþykkir kennsluskrá lögreglufræðináms við HA með þeim fyrirvörum sem koma fram í bókun framkvæmdastjórnar og að innritun nemenda hefjist nú þegar og kennsla hefjist í september 2016.

Kjartan yfirgaf fundinn.

6. Doktorsnámsumsókn

1302059

Þann 11. ágúst s.l. barst rektor svar frá menntamálaráðuneyti vegna umsóknar HA um doktorsnám. Svárið var á þá leið að ráðuneytið hefði falið

gæðaráði íslenskra háskóla að gera úttekt á umsókn HA. Sigurður Óli Sigurðsson mun hafa umsjón með skipulagi úttektarinnar fyrir hönd gæðaráðs. Skipulagning gæðaráðsins er því komin af stað og má gera ráð fyrir heimsóknum sérfræðinga gæðaráðs í nóvember 2016 og janúar 2017 og gert er ráð fyrir að gæðaráð skili niðurstöðu til menntamálaráðuneytis á vormánuðum.

Póroddur Bjarnason, formaður Vísindaráðs HA, sat þennan lið fundarins þar sem Vísindaráð mun hafa umsjón með akademískum hluta ferlisins innan HA, en gæðastjóri hefur umsjón með ferlinu í heild sinni. Póroddur rifjaði upp umsóknina og fór yfir stöðuna og kynnti fyrir háskólaráði það sem framundan er.

Finnbogi Jónasson yfirgaf fundinn kl. 15:22.

Póroddur yfirgaf fundinn að loknum þessum lið.

7. Innritun haust 2016

Lagt fram skjal frá forstöðumanni nemendaskrár yfir heildarfjölda innritaðra nýrra nemenda við skólann. Nemendafjöldi í ár er svipaður á milli ára en nemendur í lögreglufræði eiga svo eftir að bætast við þessar tölur. Verkefni eru áfram þau sömu; minnka brottfall, halda betur utan um 2. og 3. árs nemendur. Tekist hefur að leysa öll mál sem varða húsnæðismál kennslu en ljóst er að húsnæðiskostur skólans fer smám saman að þrengjast.

Skólinn þarf að vera undirbúinn fyrir aukinn fjölda nemenda, sérstaklega 2018-2020 vegna styttingu framhaldsskólanáms í 3 ár en síðan verður mikil fækkun þegar jafnvægi kemst á aftur.

Háskólaráð samþykkir innritun nemenda í samræmi við fyrirlögð gögn.

8. Skipun umhverfisráðs

1608005

Lögð fram tillaga rektors að skipun umhverfisráðs til næstu tveggja ára. Tilnefningar eru eftirfarandi:

- Brynhildur Bjarnadóttir, lektor, formaður,
- Stefán Sigurðsson, lektor,
- Kristín Konráðsdóttir, bókavörður
- Nanna Lind Stefánsdóttir, fulltrúi nemenda
- Logi Úlfarsson, fulltrúi nemenda

Varafulltrúar: Edward H. Huijbens, Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir, Helga Margrét Jóhannesdóttir. Enn vantar einn varafulltrúa nemenda.

Háskólaráð samþykkir tilnefningar rektors.

9. Starfsmannamál

Rektor sagði frá stöðunni í ráðningu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Ekki er enn búið að ganga frá ráðningu en verður frágengið á næstu vikum. Sigrún Stefánsdóttir mun sinna starfinu til áramóta.

Auglýst var eftir forseta viðskipta og raunvísindasviðs í sumar. Fjórir umsækjendur voru um stöðuna en umsóknir eru nú í matsferli hjá dómnefnd HA.

10. Drög að breytingum á reglum um framgang

Lagt fram til kynningar. Fyrirhugað að uppfæra reglur um framgang í samræmi við breytingar sem voru gerðar á fyrri hluta árs á reglum um störf dómnefndar og nýráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Skjalið hefur verið sent framgangsnefnd HA til umsagnar og er lagt fyrir háskólaráð til kynningar.

11. Fundaráætlun háskólaráðs á haustönn 2016

Tillaga að fundaráætlun lögð fram: fimmtudagur 22. september, 20. október 24. nóvember og 15. desember. Ein breyting lögð til, fundur í október verður 27. október í stað 20. október. Tillaga að fundaráætlun samþykkt að öðru leyti.

12. Önnur mál

- Nýtt frumvarp um LÍN
Með gögnum fundarins fylgdi umsögn Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri vegna frumvarpsins.
Rektor varpaði því fram til umræðu hvort háskólaráð ætti að hafa skoðun á frumvarpinu. Háskólaráð felur rektor að taka forystu í þessu máli og fylgja því eftir í samræmi við umsögn Félags stúdenta við HA og þarfir Háskólans á Akureyri.
- Végeirsstaðir/Végeirsstaðasjóður.
Land sem skólanum var gefið og sjóðurinn heldur utan um verðmæti og rekstur landsins og það húsnæði sem þar fylgir. Ágreiningur hefur verið og deilur á milli erfingja systkinanna sem gáfu landið og hefur skólinn dregist inn í þessi ágreiningsmál. Það hyllir undir lok þessara mála og gert er ráð fyrir að hefja uppbyggingu á Végeirsstöðum í vetur. Það hefst með starfsmannaferð á Végeirsstaði þann 2. september n.k., á vegum stjórnar Végeirsstaðasjóðs, HA og starfsmannafélags HA, og er fulltrúum í háskólaráði boðið að taka þátt í þeim degi ef áhugi er fyrir hendi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:57.